

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/525-4553
Fax nr: 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is
Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Skýrsla nr. C95:08

Bókaútgáfa á Íslandi árið 1994

Skýrsla gerð fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda


1995

Formáli

Í júl 1995 fól Félag íslenskra bókaútgefenda Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að safna gögnum um bókaútgáfu á Íslandi árið 1994. Í eftirfarandi skýrslu eru birtar niðurstöður þessarar söfnunar og fjallað um nokkra þætti í rekstrarumhverfi íslenskra bókaforlaga og stöðu þeirra í alþjóðlegum samanburði. Jón Óskar Þorsteinsson hagfræðingur tók skýrsluna saman.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

í nóvember 1995



Tryggvi Þór Herbertsson

forstöðumaður

1. Inngangur

Síðastliðin þrjú ár hefur Hagfræðistofnun Háskóla Íslands staðið að könnun meðal bókaútgefenda. Í könnuninni sem náði til ársins 1993 var haft samband við ellefu stærstu bókaútgáfurnar og var sami háttur hafður á í könnuninni fyrir árið 1994. Þær útgáfur sem fengu sent spurningareyðublaðið voru:


- Almenna bókafélagið hf.
- Forlagið hf.
- Fjölvaútgáfan
- Fróði hf.
- Hörpuútgáfan
- Iðunn hf.
- Mál og menning
- Setberg
- Skjaldborg hf.
- Vaka-Helgafell hf.
- Örn og Örlygur hf.

Nokkuð var vikið frá fyrirkomulagi síðustu könnunar. Nýjar spurningar komu inn og nokkrum eldri var sleppt. Mun ítarlegri svör fengust í könnuninni í ár en ekki hefði sakað þó að bókaútgefendur hefðu verið röskari við að skila svörum.

Í skýrslunni er yfirleitt gert ráð fyrir að ofangreindir bókaútgefendur gefi nokkuð rétta mynd af markaðinum í heild. Auk þess eiga flestar tölur við rekstur þessara útgefenda og er þess getið sérstaklega ef svo er ekki.


2. Heildarvelta bókaútgáfunnar

Velta þeirra ellefu bókaforlaga sem könnunin náði til á árinu 1994 sést á 1. mynd. Þar má einnig sjá niðurstöður sambærilegrar könnunar fyrir árið 1993. Augljóst er að velta fyrirtækjanna hefur dregist nokkuð saman eða um 277 milljónir kr. Það jafngildir 17% samdrætti.



1. mynd Velta 11 stærstu bókaforlaga á Íslandi. Tölur á verðlagi ársins 1994

Í síðustu könnun var gert ráð fyrir að markaðshlutdeild þeirra ellefu útgáfufyrirtækja sem tóku þátt í könnuninni hafi verið 82%. Ef áfram er miðað við þá tölu má bera saman heildarveltu síðustu 8 ára (sjá 2. mynd).




2. mynd Áætluð heildarvelta bókaútgáfunnar á Íslandi. Tölur á verðlagi ársins 1994

Ljóst er að velta greinarinnar hefur dregist verulega saman undanfarin fjögur ár eða úr rúmum 2 milljörðum árið 1991 í innan við 1,4 milljarða árið 1994. Það er nærri 35% samdráttur.

3. Greiðslur virðisaukaskatts árið 1994

Söluskattur var lagður á bækur árin 1987-89 og árið 1990 tók virðisaukaskatturinn við. Hann var afnuminn 1. september sama ár en árið 1993 var lagður á bækur 14% virðisaukaskattur. Frá afnámi virðisaukaskattsins árið 1990 og til ársins 1993 voru bókaútgefendur undanþegnir virðisaukaskatti. Álagning virðisaukaskatts jók því útgjöld útgáfufyrirtækja. Í 9. kafla, þar sem rætt er um bókaverð, kemur fram að verð á bókum hækkaði ekki í kjölfar álagningar virðisaukaskattsins. Það virðist því ljóst að bókaútgefendur bera skattinn, sem hlýtur að koma niður á veltu og rekstrarafkomu útgáfufyrirtækja. Verri afkoma dregur úr möguleikum á útgáfu bóka sem ólíklegt er að standi undir kostnaði en eru taldar mikilvægar frá menningarlegum sjónarhóli.



3. mynd Virðisaukaskattur 11 stærstu bókaútgefenda á Íslandi.

Árið 1993 var innskattur 55 milljónum króna hærri en útskattur. Þetta virðist hafa breyst nokkuð því árið 1994 er innskattur ekki nema um 3 milljónum króna hærri en útskattur eða 143 milljónir á móti 140 milljónum.


Það er mat margra bókaútgefenda að álagning virðisaukaskatts á bækur hafi haft mjög neikvæð áhrif á viðhorf manna til bóka. Verð bóka er nokkuð hátt, samanborið við helstu samkeppnisvörur, og þótt það hafi ekki hækkað við álagningu skattsins, er talið að sú ákvörðun og umræðan um hana, bæði á undan og eftir, hafi haft neikvæð áhrif á hugmyndir fólks um verð á bókum.

4. Velta eftir tegundum bóka

Til að geta skoðað ýmsar stærðir, tengdar bókaútgáfu, eftir tegundum bóka var þeim skipt í eftirfarandi flokka:

- Íslensk skáldverk
- Þýdd skáldverk
- Ævisögur
- Íslenskar fræði- og handbækur
- Þýddar fræði- og handbækur
- Íslenskar barnabækur
- Þýddar barnabækur
- Námsbækur
- Aðrar bækur

Ákveðið var að breyta flokkunum frá síðustu könnun enda hafði komið fram nokkur óánægja með flokkunina og aðeins 6 útgefendur sáu sér fært að svara. Einnig var áhugi á, að hægt yrði í framtíðinni að bera saman þróun í útgáfu íslenskra og þýðdra erlendra bóka sömu flokka. Vonandi hefur nú endanlega tekist að flokka bækur þannig að samanburður milli ára verði markvissari. Núverandi flokkun til stuðnings má benda á að flokkurinn „aðrar bækur“ var innan við 6% af heildarfjölda bóka og innan við 5% af veltu.




4. mynd Velta eftir tegundum bóka.

Athygli vekur að sala fræði- og handbóka var 58% af heildarveltu árið 1993 en er um 29% árið 1994. Hugsanlegt er að þessi flokkur hafi verið ofmetinn í síðustu könnun. Hlutdeild barnabóka hefur aukist, var 18% 1993 en 21% árið 1994. Hlutfall „íslenskra

skáldverka“ er svipað, en „þýdd skáldverk“ eru 14% árið 1994 en voru um 10% árið 1993. Hlutfall íslenskra bóka af veltu er á bilinu 50-60%.

5. Velta eftir söluleiðum

Samanburður milli ára á veltu eftir söluleiðum leiðir í ljós að hlutur bókaklúbba hefur aukist en hlutur bókabúða og síma- og farandsölu dregist saman.




5. mynd Velta eftir söluleiðum.

Aðrar söluleiðir eru meðal annars sala til bókasafna og sala til bókamarkaða.

6. Fjöldi útgefinna titla eftir efnisflokkum

Bókaútgefendurnir 11 gáfu samtals út 383 titla árið 1994 en 438 titla árið 1993. Það samsvarar 21% samdrætti. Af titlunum 383 voru 47 endurútgáfur en 336 nýir titlar. Það er 11 titlum meira en árið 1993.




6. mynd *Fjöldi útgefna titla.*

Líkt og undanfarin ár er stærsti flokkurinn barnabækur, eða samtals 90, en þeim hefur fækkað til muna frá árinu 1993 þegar gefnar voru út 144 barnabækur.

Hægt er að bera saman nokkra flokka milli árunna 1993 og 1994 og er það gert í eftirfarandi töflu:

<i>Efnisflokkar</i>	<i>Fjöldi útgefna titla</i>	
	1993	1994
Íslensk skáldverk	44	56
Þýdd skáldverk	51	55
Ævisögur	21	24
Fræði- og handbækur	69	74
Barnabækur	141	90
Námsbækur	25	26

Á 7. mynd má sjá hlutfallsskiptingu titla 1994.



7. mynd Fjöldi titla eftir efnisflokkum.

7. mynd sýnir að íslenskar bækur eru 45-55% af heildarfjölda útgefinna bóka árið 1994.

7. Meðalupplag á hvern titil


Meðalupplag frumútgáfna er um 2.150 eintök, svipað og í síðustu könnun, en meðalupplag endurútgefinna bóka er u.þ.b. 1.850 eintök, sem er nokkru meira en árið 1993. Greinilegt er að útgefendur láta prenta mismikið. Prentað meðalupplag af frumútgáfum sveiflaðist á milli 1.500 og 3.300 eintaka og af endurútgáfum sveiflast upplagið á milli 1.000 og 2.200 eintaka.

Bókaútgefendur voru einnig beðnir að meta meðalfjölda seldra eintaka. Meðaltalið reyndist vera um 1.000 eintök. Taka verður fram að ekki svöruðu allir þessari spurningu þannig að samanburður við meðalfjölda prentaðra eintaka getur verið villandi.

8. Heildarkostnaður vegna prentaðra bóka

Árið 1994 voru 226 bækur prentaðar hérlandis eða 60-70% allra titla, sem er svipað hlutfall og árið 1993. Fjöldi bóka sem prentaðar voru erlendis var 121 sem er 30-40% prentaðra bóka. Ástæðan fyrir því að ekki er um nákvæma tölu að ræða er að samanlögð tala prentaðra bóka hérlandis og erlendis var ekki sú sama og heildarfjöldi prentaðra bóka eftir efnisflokkum.

Sé lítið á hlutfall framleiðslukostnaðar hérlandis og erlendis sést að hann hefur lítið breyst undanfarin fimm ár. Árið 1994 var innlendur prentkostnaður 75% af heildarkostnaði en var lægstur árið 1991, um 71%.¹




8. mynd Hlutfall framleiðslukostnaðar útgefinna bóka hérlandis og erlendis.

9. Verð á bókum


Meðalverð bóka er nokkuð mismunandi eftir flokkum. Áberandi er að íslenskar fræði- og handbækur eru að meðaltali dýrastar en barnabækur ódýrastar. Einnig virðist algilt að meðalverð þýddra erlendra bóka sé lægra en verð íslenskra bóka innan sama flokks.

¹Hér er átt við framleiðslukostnað utan forlags vegna prentaðra bóka, s.s. hönnun, filmuvinnu, pappír, prentun og bókband. Umtalsverður hluti framleiðslunnar hefur með nýrri tækni færst úr prentsmiðjum til bókaforlaga. Hlutfall innlands kostnaðar yrði því hærri en hér ef tekið væri tillit til þess.



9. mynd Meðalverð bóka eftir flokkum

Áhugavert er að skoða þróun verðs á bókum síðustu ár. Til eru upplýsingar um algengasta verð frá árinu 1987. Ekki virðist vera mikill munur á því og meðalverði, sé að marka þau ár þar sem upplýsingar um hvort tveggja eru fyrir hendi. Tiltæk gögn leyfa samanburð á þremur flokkum og má sjá þróun verðs á þeim á eftirfarandi mynd.



10. mynd Meðalverð þriggja bóka flokka, á verðlagi ársins 1994.

Á myndinni sést að meðalverð bóka hefur lækkað talsvert undanfarin ár. Það virðist þó vera nokkuð mismunandi eftir flokkum hvað verð hefur lækkað mikið. Athygli vekur að álagning virðisaukaskatts virðist ekki koma fram í hækkuðu bókaverði.

Rétt er að benda á að ekki er unnt að lesa úr þessum gögnum um álagningu útgefenda. Það stafar af því að fyrirtækin hafa hugsanlega náð að lækka kostnað og hagræða í rekstri.

Það getur bjagað samanburð að ekki eru sömu bókaforlög að baki hverju verði og samsetningin milli ára innan flokka þarf ekki að vera sú sama. Það er hins vegar ólíklegt að þessir breytilegu þættir geri það að verkum að meðalverðið lækki sífellt. Því má með nokkurri vissu fullyrða að bókaverð hafi farið lækkandi á undanförnum árum.

Verð á bókum þróast á nokkuð annan hátt en verð á flestum öðrum vörum. Það stafar meðal annars af því, að bóksala fer að miklu leyti fram skömmu fyrir jól. Algengt er að sjá í blöðum í nóvember og desember samanburð á verði bóka það ár og árið á undan. Ef sá samanburður leiðir í ljós mikinn mun er líklegt að það hafi neikvæð áhrif á afstöðu fólks til bóka, þótt verðið hafi ekki farið fram úr almennri verðlagsþróun.

Það var mat nokkurra bókaútgefenda að ein ástæða samdráttar í bóksölu væri sú, að verð á bókum hér á landi er of hátt, samanborið við helstu samkeppnisvörur. Hér er ekki verið að halda því fram að álagning á bækur sé mikil og að bókaforlög geti dregið úr þeirri álagningu heldur veldur hærri framleiðslukostnaður því að bækur eru dýrari en helstu samkeppnisvörurnar. Á síðustu árum hefur bókaverð lækkað mikið í nokkrum löndum.² Bandarískir útgefendur gripu til þess ráðs að lækka verð bóka mikið og við það jókst sala bóka umtalsvert. Áhrifin eru þau, að árið 1994 eyddu Bandaríkjamenn meiru í bækur en annað sem haft er til afþreyingar. Ef þróun bóksölu á mann í Bandaríkjunum er skoðuð, sést að Bandaríkjamenn kaupa bækur fyrir 5.800 kr. á ári að meðaltali og hefur sala á mann aukist verulega á síðustu árum. Helstu ástæðurnar fyrir aukinni sölu telja flestir vera lægra bókaverð, þróun í bóksölu og samruna bókaforlaga. Með þróun í bóksölu er átt við aukna sölu í gegnum

²Mest af eftirfarandi texta þessa kafla er byggt á: Dusting of the bookshelves. (1995, 30. september) *The Economist*, bls 89.

bóklúbbi og gjörbreytt rekstrarfyrirkomulag bókabúða, sem víða í Bandaríkjunum eru meðal vinsælustu búða landsins.


Þróunin í Bretlandi hefur hins vegar verið önnur. Þar hafa bókaútgefendur átt í nokkrum erfiðleikum og bókasala á mann þar er talsvert lægri en í Bandaríkjunum. Í Bretlandi hefur verið talsvert um gjaldþrot bókaforlaga og svo virðist sem þarlend bókaforlög hafi átt erfitt með að aðlagast breyttum markaði. Hugsanlegt er að bresk bókaforlög séu að vakna til lífsins því á þessu ári var aflétt samkomulagi bókaútgefenda í Bretlandi sem kvað á um að bækur skyldi selja á sama verði í öllum bókabúðum. Því virðist sem breskir bókaútgefendur hafi komist að þeirri niðurstöðu að auka megi veg bókarinnar með því að gera verðlagningu frjálssari.

Hér á landi hefur ríkt samkomulag meðal bókaútgefenda og bókaverslana um að bækur séu seldar á sama verði í öllum búðum. Nýverið heimilaði Samkeppnisstofnun að bókaverð mætti vera hið sama í öllum bókaverslunum, með þeirri nýbreytni þó að heimilt verður að veita sérstök afsláttarkjör sem geta numið allt að 15%. Óvíst er hvort þessar reglur halda þegar samkeppni eykst á markaðinum.

10. Skattur á bækur í ýmsum löndum

Eins og áður hefur komið fram var lagður 14% virðisaukaskattur á bækur árið 1993. Ef lítið er á skattlagningu á bækur í ýmsum löndum kemur í ljós, að óvíða er innheimtur jafnmikill skattur³ og á Íslandi.

³Hér er átt við skatt sambærilegan við virðisaukaskatt.




11. mynd Skattur á bækur í ýmsum löndum.

Af þeim löndum sem borin eru saman er aðeins lagður hærri skattur á bækur í Danmörku og Svíþjóð, þar sem sama skattprósenta er lögð á bækur og aðra vöru. Í þessum tveimur löndum styrkir ríkið bókaútgáfu verulega eins og vikið verður að síðar.

Algeng rök, sem stjórnámamenn hafa bent á þegar rætt hefur verið um að skattleggja bækur, eru að með því að hafa skattinn engan eða lágan sé, með einföldum hætti, verið að styðja við bakið á bókaútgáfu og þannig stuðlað að því að viðhalda menningu viðkomandi lands. Nokkur umræða hefur farið fram um bókaskatt á Evrópuþinginu. Þar hefur komið fram sú hugmynd að leggja beri skattinn af í öllum löndum innan ESB til að sporna gegn því að fólk lesi sífellt minna.

11. Þróun fjölda útgefina titla í ýmsum löndum

Samanburður á fjölda útgefina titla í nokkrum löndum leiðir í ljós að óvísða hefur fækkunin verið jafnmikil og hér á landi. Aðeins er um að ræða tölur að utan frá árunum 1992 og 1993.



12. mynd Breyting í bókaútgáfu milli áranna 1992 og 1993.

Eins og áður hefur komið fram fækkaði einnig útgefnum titlum ellefu stærstu bókaútgefenda á árunum 1993 og 1994 um ríflega 20%. Ef gert er ráð fyrir að þessir útgefendur gefi rétta mynd af öllum markaðinum er niðurstaðan sú að útgefnum titlum hefur fækkað um 37% á síðustu tveimur árum.

12. Ástæður minnkandi spurnar eftir bókum


Það er nokkuð ljóst að spurn eftir bókum hefur dregist saman á undanförunum árum. Ekki er hægt að benda á einhverja eina ástæðu heldur er um að ræða samspil margra þátta. Í könnuninni fyrir árið 1994 voru bókaútgefendur beðnir að gera grein fyrir mati sínu á því hverjar væru helstu ástæður minni spurnar eftir bókum á Íslandi.

Helstu ástæðurnar að mati bókaútgefenda eru minnkandi kaupgeta almennings, breyttar neysluvenjur þar sem bækur hafa minna vægi, fjölbreyttari samkeppnisvörur, aukin ásókn í ljósvakamiðla, of hátt verð miðað við samkeppnisvörur bóka, minnkandi bóklestur fólks, neikvæð umfjöllun um bækur, sérstaklega í kringum upptöku virðisaukaskattsins, og álagning virðisaukaskatts.

Aðrar orsakir sem bókaútgefendur nefna eru mikið framboð eldri bóka á lágu verði. Það dregur úr spurn eftir nýjum bókum sem aftur gerir bókaútgefendum erfitt um vik. Einnig var bent á að bókabúðir stæðu sig ekki nógu vel í harðnandi samkeppni

og næðu ekki að laða að viðskiptavinum. Í því sambandi er bent á þróun bókabúða víða erlendis þar sem bylting hefur orðið á rekstri þeirra. Þá var minnst á að óprúttir farandsölumenn hefðu fælt fólk frá bókum. Loks kvarta sumir undan erfiðri fjárhagsstöðu og háum vaxtagreiðslum.

Erfitt er að meta flest ofangreind atriði og hver séu raunveruleg áhrif þeirra á spurn eftir bókum. Hins vegar má skoða nokkrar stærðir t.d. kaupmátt ráðstöfunartekna. Þegar vísitala kaupmáttar undanfarinna ára er athuguð sést að hún hefur líkt og bóksala, lækkað nokkuð á síðustu árum. Hins vegar er gert ráð fyrir að kaupmáttur aukist á þessu ári og því næsta.



13. mynd Kaupmáttur ráðstöfunartekna.

Einnig má benda á að umsvif ljósvakamiðla hafa aukist verulega. Í stað einnar sjónvarpsstöðvar, sem sendir út 6 daga vikunnar, 11 mánuði ársins eru komnar 5 innlendar stöðvar og aragrúi erlendra gervihnattastöðva þar sem útsending stendur allan sólarhringinn allt árið um kring. Þá eru starfræktar fjölmargar útvarpsstöðvar í stað örfárra fyrir nokkrum árum. Sömu sögu má segja af myndbandstækjum, sem nánast eru á hverju heimili og myndbandaleigum, sem hafa sprottið upp nánast á hverju götuhorni. Að mörgu leyti eru ljósvakamiðlar í samkeppni við bækur um frítíma fólks þannig að samkeppnin hefur aukist verulega. Í þeirri rímu hafa bókaútgefendur borið nokkuð skarðan hlut frá borði og má telja líklegt, að sá tími sem fólk varði til bókalesrar hafi dregist saman í kjölfar fjölbreyttari dagskrár hljóðvarps og sjónvarps.

13. Aðgerðir stjórnvalda til aðstoðar bókaútgefendum

Víða erlendis styðja stjórnvöld við bakið á bókaútgefendum með margvíslegum hætti. Hér á eftir verða gefin dæmi um slíka aðstoð í helstu nágrannalöndum okkar. Taka ber fram að hér er alls ekki um tæmandi lista að ræða, né nákvæma útlistun á aðgerðum heldur er aðeins stiklað á stóru.⁴ Í listanum hér á eftir er fyrst sagt frá óbeinum stuðningi (•), t.d. í formi sérstakra skattareglna og síðan rætt um beinan stuðning (♦).

Noregur

- Sérstakar afskriftarreglur fyrir bókaútgefendur
- Bækur undanþegnar virðisaukaskatti
- Ríkið rekur bókasöfn, sem árið 1992 keyptu bækur fyrir 71 milljón norskra króna.
- Ríkið kaupir 1000 eintök af hverri norski skáldsögu og 1500 eintök af barna- og unglingabókum. Þá kaupir ríkið 500 eintök af 50 þýddum skáldsögum ár hvert.
- ♦ Ríkið borgar hluta höfundarlauna
- ♦ Ríkið styrkir þýðingu norskra bóka á önnur tungumál
- ♦ Ríkið tekur þátt í kostnaði vegna bókaráðstefna
- ♦ Sérstakir titlar, sem hafa mikið menningarlegt gildi, geta einnig fengið ríkisstyrk

Svíþjóð

- Síðan 1979 hafa rithöfundar, sem oft eru tekjuháir á einu ári en tekjulágir á næstu árum á eftir, getað dreift tekjum sínum með tilliti til skatta á nokkur ár
- Ríkið rekur 7 bókasöfn sem hvert um sig fær ókeypis eintak af hverri útgefinni bók í Svíþjóð
- ♦ Frá 1975 hefur sænska ríkið stutt bókaútgáfu fjárhagslega. Stuðningurinn nam 39 milljónum sænskra króna fjárlagaárið 1992-93
- ♦ Ríkið styrkir einnig útgáfu klassískra verka í skólaútgáfu. Frá 1985 til 1993 hafa verið gefnir út um 70 titlar í þessum flokki
- ♦ Þá styrkir ríkið útgáfu allt að 20 titla á ári sem seldir eru sérstaklega ódýrt

Finnland

- ♦ Ríkið styrkir útgáfu bóka sem ólíklegt er að skili arði en eru mikilvægar frá menningarlegu sjónarmiði. Samtals hafa 77 verkefni verið styrkt með þessum hætti frá 1989-1993 og nemur styrkurinn 2,3 milljónum finnskra marka

Bretland⁵

- Höfundar geta dreift tekjum yfir nokkur ár
- Ríkið kaupir árlega mikið af bókum. Árið 1992 keyptu ríkisrekin bókasöfn bækur fyrir samtals 61 milljón punda. Því til viðbótar keypti ríkið sama ár bækur að andvirði 7 milljónir punda til bókasafna erlendis

⁴Við gerð þessa kafla var stuðst við *State Support to the Publishing Industry* sem gefið er út af alþjóðasamtökum bókaútgefenda. Sú skýrsla miðar við aðstæður á árinu 1994. Vel má vera að einhverjar breytingar hafi orðið á skipan mála síðan.

⁵Reyndar hafa orðið nokkrar breytingar á styrkjafyrirkomulaginu í Bretlandi. Áhrif þeirra breytinga eru hins vegar ekki enn að fullu komin í ljós.

- ♦ Ríkið styður þátttöku í bókaráðstefnum
- ♦ Ríkið veitir beina styrki til bókaútgefenda. Samtals nam styrkurinn 650 þúsundum punda árið 1993.
- ♦ Einnig styrkir ríkið þýðingar og ýmsar sérútgáfur sérstaklega

Eins og áður hefur komið fram er listinn hér að ofan langt frá því að vera tæmandi. Aðalatriðið er að í flestum nágrannalöndum okkar styrkir ríkið bókaútgefendur með einhverjum hætti.

Á síðustu árum hafa bókaútgefendur staðið frammi fyrir nýrri samkeppni. Hér er ekki síst átt við fjölbreyttara sjónvarpsefni og allt efni tengt tölvum. Víða erlendis hafa bókaútgefendur farið út á þá braut að gefa út efni á tölvutæku formi. Það virðist ljóst að ungt fólk hefur mun meiri áhuga á bókmenntum ef þeim er miðlað í gegnum tölvur. Án efa væri hægt að gera sígildar íslenskar bókmenntir aðgengilegar með aðstoð margmiðlunar og auka á þann hátt áhuga nýrra kynslóða á menningararfleið þjóðarinnar. Slík útgáfa er hins vegar afar kostnaðarsöm, sérstaklega í fyrstu meðan verið er að koma upp nauðsynlegri tækni og þekkingu. Á allra síðustu árum hafa ríkisstjórnir og bókaútgefendur víða erlendis áttað sig á breyttum þörfum markaðarins. Í því skyni hefur ríkið, t.d. í Bretlandi, dregið úr bókakaupum en þess í stað aukið kaup á tölvum og margmiðlunarbúnaði fyrir skóla og stofnanir og þannig hvatt bókaútgefendur til að koma inn á þann markað.

Hljóðbækur hafa einnig verið að styrkja stöðu sína. Í Bandaríkjunum hefur hljóðbókaútgáfa aukið umsvif sín á síðustu árum um 10-20% á ári.⁶ Sömu sögu er að segja frá Bretlandi. Þar í landi hefur BBC náð forystu á umræddum markaði, gefið út mikinn fjölda hljóðbóka og nýtt sér til þess gamlar upptökur sem útvarpið á í fórum sínum.

⁶Dusting of the bookshelves. (1995, 30. september) *The Economist*, bls 89.